



Reykjavík, 20. maí 2021

R21050165

640

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Rauðhólar - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. maí 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 12. maí 2021 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Búið er að skemma flesta Rauðhóla. Heilu hólunum var mokað í burtu, grafið í aðra og þeir skemmdir og nú stendur eftir alls konar form af „hólum“, allt skemmdir af mannanna völdum. Skemmdir vegna efnistöku eru skerandi og ættu að minna alla á að ganga vel um náttúruna. Hægt er að nota Rauðhólana sem efni í fræðslu um hvernig á ekki að ganga um náttúruna. Til stendur að gera nýtt göngustígakerfi og er það af hinu góða. Nú er spurning hvort og hvernig hægt er að gera það besta úr þessum skemmdum. Rauðhólar eru vannýtt svæði með tilliti til útivistar og mun bætt göngustígakerfi vonandi verða til bóta.

Helga Björk Laxdal

e.u.